



Nefndasvið Alþingis
Allsherjar- og menntamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 23.3 2020

Efni: um breytingu á lögum um almannavarnir, nr. 82/2008, með síðari breytingum (borgaraleg skylda starfsmanna opinberra aðila). Mál 697.

Alþýðusamband Íslands gerir ekki efnislegar athugasemdir við frumvarpið en vill vekja athygli á eftirfarandi. Samkvæmt texta laganna og greinargerðar er gert ráð fyrir því að starfsmenn skuli njóta óbreyttra launakjara við breyttar starfsskyldur. Hins vegar eru lögin og greinargerðin þögul um þá stöðu sem upp kann að koma sé starfsmanni gert skylt að sinna starfsskyldum sem tilheyra starfi sem betur er launað skv. kjarasamningum sem það starf sem hann var ráðinn til. Taka þyrfti af allan vafa um túlkun laganna í þessu efni við þinglega meðferð málsins.

Virðingarfyllst,

A handwritten signature in blue ink, which appears to read 'Magnús M. Norðdahl'.

Magnús M. Norðdahl hrl.,
lögfræðingur ASÍ.